

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Selfossi, 13. nóvember 2025
Tilvísun: 25101462

Efni: Svar Matvælastofnunar við athugasemdum við eftirlitsskýrslu nr. 1711 vegna rekstrarleyfis FE-1181

Þann 24. október 2025 bárust Matvælastofnun athugasemdir Benchmark Genetics Iceland (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslu stofnunarinnar nr. 1711 vegna rekstrarleyfis FE-1181. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 3. október og send eftirlitsþega sama dag í gegnum vefgáttina island.is. Skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór í eldisstöðinni Vogavík þann 24. september 2025.

Athugasemdir eftirlitsþega voru sett fram varðandi 15 atriði og verða athugasemdir eftirlitsþega raktar hér og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Athugasemdir eftirlitsþega eru skáletraðar.

1. Birting skoðunarskýrslu.

Gerð var athugasemd um að rekstarleyfishafi hafi ekki borist skoðunarskýrslan fyrr en Matvælastofnun sendi tölvupóst þann 10. október 2025 þar sem kom fram að skoðunarskýrsla hafi verið send féluginu í gegnum rafræna vefgátt island.is þann 3. október 2025 og þau hafi séð að skýrslan hefði enn ekki verið opnuð. Eftirlitsþega hafi ekki borist nein tilkynning og óskaði eftir því að fá skýrsluna senda með tölvupósti enda var féluginu ógerlegt var að nálgast skýrsluna inni í rafrænu vefgátt island.is. Eftirlitsþegi fékk skýrsluna senda og óskaði eftir lengdum andmælafresti sem og Matvælastofnun veitti. Eftirlitsþegi vísað til 39. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 en samkvæmt ákvæðinu telst stjórnvaldsákvörðun eða önnur gögn á rafrænu formi birt aðila þegar hann á þess kost að kynna sér efni þeirra. Þar sem skoðunarskýrslan var ekki aðgengileg á island.is og engin tilkynning barst til félagsins, telst félagið ekki hafa haft kost á að kynna sér efni skoðunarskýrslunnar fyrr en hún barst féluginu í tölvupósti þann 10. október 2025.

Matvælastofnun bendir á að þann 21. ágúst 2025 fengu allir rekstarleyfishafar í fiskeldi tölvupóst frá Matvælastofnun þar sem tilkynnt var um að frá og með 1. september sl. yrðu allar eftirlitsskýrslur sendar í gegnum island.is. Eftirlitsskýrsla vegna eftirlits í Vogavík var send í gegnum island.is þann 3. október sl. Þar sem skammt er liðið frá því að Matvælastofnun tók þennan nýja hátt upp varðandi birtingar eftirlitsskýrslna hefur verið haft eftirlit með því hverjir hafa opnað skýrslur og viðkomandi aðilum send áminning þegar skýrsla hefur ekki verið opnuð. Þann 10. október var eftirlitsþega sendur tölvupóstur og ítrekað með birtingu skýrslunnar. Þar sem eftirlitsþegi kvaðst ekki hafa fengið skýrsluna senda var skýrslan send í tölvupósti og ákveðið að skoða sérstaklega birtinguna hvað þessa tilteknu eftirlitsskýrslu varðar. Samkvæmt upplýsingum frá tölvudeild Matvælastofnunar var skýrslan sannarlega send eftirlitsþega. Þar sem eftirlitsþegi kveðst ekki hafa fengið tilkynningar var haft samband við tæknideild island.is og fengust ekki skýringar á því af hvaða ástæðu eftirlitsþegi hafi ekki fengið tilkynningu. Þó var upplýst að einungis sá aðili sem hefur aðgang að rafrænum skilríkjum á kennitölu eftirlitsþega fái skýrsluna senda í pósthólf island.is. Sá aðili fengi einn tilkynningar um ný skjöl í pósthóflið. Hægt sé að veita öðrum umboð til þess að fá aðgang að umræddu pósthólfi.

Þar sem Matvælastofnun samþykkti beiðni eftirlitsþega um lengri frest til að koma að athugasemdum telur stofnunin að réttur eftirlitsþega til að koma að athugasemdum hafi ekki verið

skertur og birting skýrslunnar fullnægjandi. Stofnunin bendir eftirlitsþega á það að kanna möguleika á að veita öðrum sem þurfa að hafa aðgang að eftirlitsskýrslum umboð til slíks.

2. Efni skoðunarskýrslu

Áð mati eftirlitsþega er ekki nægilega skýrt í uppsetningu eftirlitsskýrslunnar hver mein alvarleg frávík séu þannig að hægt sé að gera fullnægjandi úrbætur að mati MAST. Allir innri ferlar eftirlitsþega séu í samræmi við kröfur sem gerðar eru til þeirra í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og gátlista fyrir landeldi yfir 20 tonnum sem gefin er út af MAST, ásamt lögum þar af lútandi. Þrátt fyrir framangreint mun eftirlitsþegi gera tilraun til að svara efnislega þeim atriðum sem koma fram í skoðunarskýrslu MAST.

2.1 Gæðahandbók – alvarlegt frávík.

Eftirlitsþegi skiptir athugasemdum sínum niður hvað þennan lið varðar niður í bókstafi.

- a. **Ekki hafi verið hægt að fá heildstætt yfirlit yfir þau atriði sem eru til staðar í gæðahandbók og að erfitt hafi verið að sýna eftirlitsmönnum efni gæðahandbókar.**

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 („reglugerðin“) eru útlistuð margvísleg gögn sem féluginu ber að hafa til staðar svo að uppfylltar séu kröfur reglugerðarinnar um gæðahandbók. Þar er m.a. gerð krafa um að félagið hafi verklagsreglur, viðbragðsáætlanir, þjálfun starfsmanna, skipurit og að árlega sé haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar. Ljóst er að um margvísleg gögn eru að ræða en ekki eitt eiginlegt skjal. Líkt og félagið reyndi að skýra fyrir eftirlitsmönnum er „gæðahandbók“ félagsins vistuð í skýjalausn sem kallast VIS (<https://visweb.no/>). Allir starfsmenn félagsins hafa aðgang að svæðinu og geta fundið þar nauðsynleg gögn, sem kveðið er um á í reglugerðinni. „Gæðahandbókin“, þ.e. þau gögn sem kveðið er um á í reglugerðinni, er þannig sett upp með stafrænum hætti og býðst félagið til þess að sýna viðeigandi eftirlitsmönnum virkni kerfisins, t.a.m. í gegnum Microsoft Teams. Félagið hefur tekið sérstakt kerfi í notkun sem starfsmenn þess kunna á og hefur komið að góðum notum. Ekkert í gildandi reglum gefur til kynna að fyrirkomulagið standist ekki kröfur og ekkert í úttektinni færir rök fyrir því að svo sé. Mótmælir félagið því að MAST skuli kalla þetta „alvarlegt frávík“ án þess þó vísa í neinar reglur sem fyrirkomulagið á að víkja frá.

Matvælastofnun bendir á að undir liðnum gæðahandbók setti Matvælastofnun alvarlegt frávík vegna ýmissa atriða sem tengjast gæðahandbók eftirlitsþega. Hvert eitt atriði er ekki sérstaklega flokkað en þar sem gerðar eru athugasemdir við mörg atriði flokkast frávikið sem alvarlegt frávík enda ljóst að skjöl í gæðahandbók eða gæðakerfi eftirlitsþega uppfylla ekki þær kröfur sem lög um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gera.

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram m.a. hvað varðar framkvæmd á sannprófun að gátlisti sem liggur til grundvallar sannprófunar skuli að lágmarki innihalda alla kafla gæðahandbókar. Matvælastofnun ber að hafa eftirlit með því að eftirlitsþegar framkvæmdi sannprófun og að hún innihaldi þau atriði sem eftirlitsþega ber að sannprófa. Eins og kemur fram í rökstuðningi Matvælastofnunar fyrir frávikinum er nauðsynlegt að eftirlitsþegar hafi til staðar heildstætt yfirlit yfir þau atriði sem eru til staðar í gæðahandbók í þeim tilgangi að sannreyna m.a. að farið sé yfir allt efni gæðahandbókar á árlegum fundi og sannprófun eftirlitsþega nái til allra kafla gæðahandbókar.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemd við að eftirlitsþegar hafi gæðakerfi í stað eiginlegrar gæðahandbókar en gerir þær kröfur að yfirlit yfir alla kafla gæðakerfisins eða handbókarinnar liggi

fyrir. Slíkt er ekki flókið í útfærslu en fjölmörg gæðakerfi bjóða upp á slíkt. Útfærslan á því hvernig efnisyfirlitið er sett fram er í höndum eftirlitsþega en það má gera með ýmsum hætti. Einfalt skjal með upplýstun allra kaflanna dugar.

Með vísan til framangreinds fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

b. Það sem eftirlitsþegi kallar verklagsreglur (Flowchart/Workflow) og viðbragðsáætlanir eru of almennar og uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til verklagsreglna og viðbragðsáætlana í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Ef eftirlitsaðilar telja að verklagsreglur uppfylli ekki þær kröfur sem til þeirra eru gerðar, væri eðlilegt ef að eftirlitsaðilar myndu benda á hvaða kröfur það eru sem ekki eru uppfylltar, greina frá því í hverju frávikin felast og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta þau frávík. Félagið getur með engu móti fengið lesið úr niðurstöðum MAST hvaða atriði séu svo „almenn“ að þau eru ekki talin uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í reglugerðinni né heldur hvaða ákvæði reglugerðarinnar eiga að vera brotin.

Matvælastofnun bendir á að í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er kveðið á um skyldur eftirlitsþega til þess að hafa til staðar verklagsreglur og viðbragðsáætlanir. Þar kemur jafnframt fram að hafa skuli eftirfarandi verkþætti til viðmiðunar við skrif verklagsreglna; markmið, tíðni, framkvæmdaraðila eða ábyrgðaraðila, framkvæmd eftirlits, viðmið, úrbætur og skráningu. Hvað varðar viðbragðsáætlanir skuli vera til staðar markmið, ábyrgð, viðbrögð og skráning. Í sömu reglugerð er gerð krafa um að ákveðnar verklags og viðbragðsáætlanir þurfi að vera til staðar að lágmarki.

Eins og fram kemur í eftirlitsskýrslunni var eftirlitsmönnum sýnd í flestum tilfellum flæðirit í stað þeirra verklagsreglna og viðbragðsáætlana sem kröfur eru gerðar til um að séu til staðar. Skjölin báru það ekki einungis með sér heldur var titillinn flowchart/workflow að finna í heiti þeirra. Í gæðastjórnun er eðlismunur á verklagsreglu, viðbragðsáætlun og flæðiriti þá sérstaklega með tilliti til uppsetningar og innihalds. Verklagsregla er skrifleg lýsing á því hvernig ákveðið verk eða ferli fer fram og segir hvað á að gera, í hvaða röð, hver ber ábyrgð og hvaða gæði eða viðmið eigi að vera uppfyllt. Það sama á við um viðbragðsáætlanir. Flæðirit er aftur á móti myndræn framsetning á ferli þar sem sýnt er hvernig skref tengjast hvor öðru með örvum, boxum og táknum og sýnir hvernig ferlið flæðir milli aðgerða.

Þau skjöl sem eftirlitsmönnum voru sýnd uppfylltu, í flestum tilfellum, ekki framangreindar kröfur til viðbragðsáætlana og verklagsreglna og voru of almennar, þ.e. ekki nægjanlega sértækar til þess að lýsa því sem á að gera í tilteknum verklagsreglum/viðbragðsáætlunum. Þá skorti á lýsingar á því hvernig ferlið væri framkvæmt eða raunverlegt ferli var annað en það sem skrifað var skv. upplýsingum frá starfsmönnum og í einhverjum tilfellum vantaði viðmið og aðgerðir komi til frávika.

Kjósi eftirlitsþegi að hafa flæðirit í verklagsreglum og viðbragðsáætlunum þá verða þau skjöl engu að síður að vera skiljanleg, aðgengileg og röð atvika í réttri röð. Í þeim skjölum sem eftirlitsmönnum voru sýnd í eftirlitinu voru í flestum tilfellum rétt númeraröð og erfitt að fara á milli til að skilja rétta röð við vinnu verkferlisins eða viðbragðsáætlunarinnar. Þá þurfa skjölin að bera þess merki að vera verklagsreglur og viðbragðsáætlanir.

Matvælastofnun telur athugasemdir í eftirlitsskýrslunni fullnægjandi. Ljóst er að eftirlitsþegi þarf að yfirfara allt það sem hann telur vera verklagsreglur og viðbragðsáætlanir og setja þær upp í

formi skrifaðra verklagsreglna og viðbragðsáætlana með þeim atriðum sem tilgreind eru í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og farið hefur verið yfir hér að framan.

c. Ekki er til staðar verklag hjá eftirlitsþega um hversu oft verklagsreglur og viðbragðsáætlanir eru endurskoðaðar.

Ljóst er að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir félagsins eru til staðar í gæðahandbók félagsins í gegnum skýjalausn, eins og áður hefur komið fram. Reglugerðin gerir engar kröfur um að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir séu yfir höfuð endurskoðaðar, né hversu ört þær skulu endurskoðaðar. Er því ljóst að það getur ekki talist til frávika að ekki sé fyrir hendi skriflegt verklag um tíðni slíkra endurskoðana. Fyrirkomulag verklagsreglna og viðbragðsáætlana hefur gengið vel fyrir sig og því hefur félagið ekki endurskoðað reglur og viðbragðsáætlanir í heild sinni á fyrir fram ákveðnum tíma. Eðli málsins samkvæmt er það þó partur af starfsemi félagsins að hafa reglulegt eftirlit með því hvort verklag og viðbragðsáætlanir starfseminnar þarfnið endurskoðunar og eru viðeigandi gögn uppfærð reglulega, eins og við á. Það kemur skýrt fram í hverju skali fyrir sig hvenær verklagsregla eða áætlun var uppfærð. Þessu til staðfestingar má, sem dæmi, vísa til fylgiskjals 1, þar sem kemur skýrt fram að verklagsreglur um stýringu IMS kerfisins hafi síðast verið uppfærðar þann 24. apríl 2025 kl. 17:49.

Eins og fram hefur komið stendur ekki alvarlegt fráviki á bak við þessa athugasemd í eftirlitsskýrslunni eina og sér heldur er hún hluti af mun fleiri athugasemdum varðandi gæðahandbók eftirlitsþega sem saman eru teknar í alvarlegt frávik vegna fjölda athugasemda.

Matvælastofnun bendir á að í eðli gæðastjórnunar felst að styðjast við stöðugar umbætur sem m.a. fela í sér reglulega yfirferð og rýni á verklagsreglur og viðbragðsáætlanir. Ekki er gerður sérstakur áskilnaður um slíkt í reglugerð 540/2020 en Matvælastofnun telur þó engu að síður eðlilegt að eftirlitsþegar viðhafi verklag um það hversu oft verklagsreglur og viðbragðsáætlanir séu yfirfarnar óháð því hvort notkun þeirra hafi gengið vel eða ekki. Þá bendir Matvælastofnun á að samkvæmt 6. mgr. 55. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 er stofnunni heimilt að kalla eftir frekari skýrslum og gögnum en tilgreind eru í ákvæðinu. Stofnunin telur sig því geta gert þær kröfur að eftirlitsþegar hafi til staðar verklag um hversu oft verklagsreglur og viðbragðsáætlanir eru yfirfarnar og fellst því ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

Með vísan til framangreinds fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

d. Verklag um þjálfun starfsfólks er ekki til staðar. Hægt er að sjá í þjálfunarskrá þau atriði sem starfsfólk eftirlitsþega fær þjálfun í en hvergi er að finna heildstætt verklag um þau atriði sem starfsmenn eiga að fá þjálfun í, innan hvaða tímamarka og hvaða þjálfun þarf að viðhalda að lokinni nýliðapþjálfun.

Í fylgiskjali 2 við andmælabréf þetta má sjá verklag um þjálfun starfsmanna. Í þjálfunarskrá er (i) ítarlegur listi um þau atriði sem starfsfólk félagsins fær þjálfun í, (ii) heildstætt verklag um þau atriði sem starfsmenn fá þjálfun í, hvort sem þeir eru nýliðar, fastráðnir eða skammtímaráðnir, (iii) tíðni þjálfunar og (iv) hvaða þjálfun þarf að ljúka að lokinni nýliðapþjálfun. Sem dæmi kemur skýrt fram að dýravelferð, meðhöndlun efna, fíknisjúkdómar, heilsa og öryggi, skyndihjálp og sóttvarnir séu kenndar á hverju einasta ári. Félagið leggur áherslu á að skýrt og heildstætt verklag er til staðar um þau atriði sem starfsmenn eiga að fá þjálfun í, innan hvaða tímamarka og hvaða þjálfun þurfi að viðhalda að lokinni nýliðapþjálfun. Er þessi fullyrðing MAST um að slíkt sé ekki til staðar röng.

Matvælastofnun sendi þann 7. janúar 2025 tölvupóst á alla rekstrarleyfishafa í fiskeldis, þar með talið eftirlitsþega, þar sem tilkynnt var um breytta framkvæmd eftirlits. Breytingin fólst í því að stofnunin gerði þær kröfur að eftirlitsþegi eða starfsmenn þeirra geti veit eftirlitsmönnum Matvælastofnunar óheftan aðgang að öllum þeim gögnum sem tilgreind eru í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 í fiskeldisstöðinni þar sem eftirlitið er framkvæmt. Allt ættu þetta að vera gögn sem eigi að vera til staðar í fiskeldisstöðvum og aðgengileg starfsmönnum, hvort sem það væri á pappír eða rafrænt. Geti starfsmenn eftirlitsþega ekki sýnt eftirlitsmönnum umbeðin gögn skráist frávík í eftirlitsskýrslu.

Þegar eftirlitið fór fram óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá verklag um þjálfun starfsmanna. Starfsmenn eftirlitsþega gátu ekki sýnt eftirlitsmönnum umbeðna verklagsreglu og sögðu hana ekki vera til staðar. Sýndu þeir eftirlitsmönnum þjálfunarskrár þar sem sjá mátti þá þætti sem starfsmenn fá þjálfun í.

Eftirlitsþegi sendi með athugasemdum sínum verklag um þjálfun starfsfólks, merkt fylgiskjal 2. Þetta eru gögn sem send eru eftir að eftirliti lauk og eftir að eftirlitsskýrsla var send. Í ljósi þessa sem og fyrrnefnds bréfs sem rekstrarleyfishöfum í fiskeldi var sent þann 7. janúar 2025 fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega. Matvælastofnun mun framkvæma eftirfylgni þegar öllum úrbótum hefur verið lokið af hálfu eftirlitsþega, þ.m.t. að yfirfara verklag um þjálfun starfsfólks. Matvælastofnun bendir þó á að það skjal sem eftirlitsþegi sendi með athugasemdum sínum og eiga við um þetta atriði telst ekki sem verklagsregla heldur flæðirit. Vísar stofnunin til umfjöllunar í lið b undir kafla 2.1. hvað varðar muninn á þessu tvennu.

Með vísan til framangreinds fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

e. Yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar starfsmanna eldisstöðvarinnar eru ekki til staðar.

Í fylgiskjali 3 og 4 við bréf þetta má sjá starfslýsingar vegna hefðbundinna starfsmanna og stöðvastjóra félagsins, þar sem ábyrgðarsviði þeirra er lýst með skýrum hætti. Þessi gögn, sem og öll önnur gögn sem vísað er til í eftirlitsskýrslunni geta starfsmenn nálgast inni á skýjalausn VIS (<https://visweb.no/>). Óljóst er hvaða yfirlit MAST telur ekki vera til staðar eða hvaða eiginleika slíkt yfirlit á að hafa umfram það sem liggur fyrir sbr. framangreint.

Þegar eftirlitið fór fram óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar. Starfsmenn eftirlitsþega gátu ekki sýnt eftirlitsmönnum umbeðin gögn, sögðust ekki hafa aðgang að þeim. Vísast til umfjöllunar undir d lið undir kafla 2.1. varðandi gögn sem ekki er hægt að framvísa þegar eftirlit Matvælastofnunar á sér stað.

Í ljósi þessa sem og fyrrnefnds bréfs sem rekstrarleyfishöfum í fiskeldi var sent þann 7. janúar 2025 fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

f. Að ekki sé til staðar staðfesting þess efni að árlegur fundur hafi farið fram með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar og ekki er til staðar sönnun þess efnis að fundirnir fjalli um þau atriði sem ber að fjalla um skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Í fylgiskjali 5 við bréf þetta má sjá staðfestingu þess efnis að árlegir fundir séu haldnir með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar. Í fylgiskjalinu má sjá þau umræðuefni sem farið var yfir, t.d. gæðamál sem koma fram í gæðahandbók, sem fjallað var um að ofan, starfsmannamál og fleira, sem að mati félagsins eru að öllu leyti í samræmi við kröfur reglugerðarinnar. Félagið fær ekki

séð að hvaða leyti nánari staðfestingar er þörf, enda hafa starfsmenn og fundarstjóri undirritað viðkomandi skjal með eiginhandarundirritun.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að árlega skuli haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið.

Í framlögðu fylgiskjali nr. 5 við athugasemdir eftirlitsþega er tilgreint að hluti fundarefnis hafi verið gæðamál án þess þó að það sé tilgreint nákvæmlega hvað var farið yfir varðandi gæðamálin. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar fengu að sjá framlagt skjal nr. 5 í eftirlitinu sem og glærusýningu sem var farið yfir á árlega fundinum sem fram fór þann 16. maí 2025. Við þá skoðun kom í ljós að ekki var farið yfir öll þau atriði sem gerð er krafa um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Tilvísun til umfjöllunar um gæðamál í framlögðu skjali er opin og óljós en í fundargerð væri hægt að lýsa nákvæmlega þeim þáttum sem farið var yfir og varða gæðamál þannig að hægt sé að sannreyna efni fundarins. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun því ljóst að fylgiskjal 5 fullnægir ekki þeim kröfum sem stofnunin gerir til þess að hægt sé að sannreyna efni fundarins og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

g. Að ekki væru allar verklags- og viðbragðsáætlanir á tungumáli sem allir starfsmenn skilja. Mikilvægt er að bæði viðbragðsáætlanir og verklagsreglur séu til staðar á íslensku og þeim tungumálum sem allir starfsmenn eftirlitsþega skilja.

Gæðahandbók félagsins er öll sett upp á íslensku en eftirlitsaðili vinnur að tvítyngja gæðahandbókina svo hún sé einnig aðgengileg á ensku, enda er starfsfólk félagsins af mismunandi þjóðerni. Félagið hefur þó útbúið gæðastjórnunarkerfi eftir alþjóðlegum stjórnunarstaðli ISO 9001:2015 (fylgiskjal 6), en um er að ræða staðal til að auka gæði á vörum félagsins, fækka möguleikanum á mistökum, minnka mengun og auka öryggi.

Matvælastofnun bendir á að til þess að starfsmenn geti nota verklagsreglur og viðbragðsáætlanir sé mikilvægt að allir starfsmenn eftirlitsþegi skilji þær. Þar sem hluti starfsmanna eftirlitsþega skilur ekki íslensku telur Matvælastofnun ljóst að þeir geti ekki farið eftir þeim verklagsreglum og viðbragðsáætlunum sem gilda fyrir eldisstöðina. Það að eftirlitsþegi hafi farið eftir alþjóðlegum stjórnunarstaðli við gerð gæðastjórnunarkerfis leysir hann ekki undan þeim kröfum að hafa umrædd skjöl á tungumálum sem allir starfsmenn hans skilja. Slíkt er einmitt mikilvægt í þeim tilgangi m.a. að „fækka möguleikanum á mistökum, minnka mengun og auka öryggi.“ Matvælastofnun ítrekar því þær kröfur að allar verklagsreglur og viðbragðsáætlanir verði þýddar.

2.2. Verklagsreglur – alvarlegt frávík

Í skoðunarskýrslunni voru gerðar athugasemdir við verklagsreglur félagsins. MAST taldi þau gögn sem eftirlitsþegi sýndi eftirlitsmönnum eigi ekki að flokkast sem verklagsreglur heldur flæðirit (Flowchart/Workflow) en eðlismunur er á milli þessara tveggja hugtaka. MAST taldi þau flæðirit sem eftirlitsmönnum voru sýnd of almenn og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra og erfitt að fá heildar yfirsýn. Þá voru verklagsreglur ekki taldar uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem eftirfarandi þættir koma ekki fram í þeim í þeim öllum: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, framkvæmd, frávík, aðgerðir til úrbóta og hvað skuli skráð.

Félagið andmælir því að verklagsreglur félagsins uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til félagsins samkvæmt reglugerðinni. Reglugerðin bendir hvernig til þess að verklagsreglur þurfi að

vera á ákveðnu formi og því vart hægt að gera athugasemdir við heiti verkáætlunar félagsins og vísa til eðlismunar á milli hugtaka. Líkt og áður hefur komið fram er gæðastjórnunarkerfi félagsins er með ISO 9001:2015 vottun og er gæðahandbókin ferlamiðuð og verklagsreglur því með ferlaútlit, sbr. fylgiskjal 6. Eftirlitsaðili leitar jafnframt jafnóðum eftir óháðri vottun þriðja aðila á kerfinu, sem staðfestir að eftirlitsaðili starfi í samræmi við alþjóðlega staðla, sbr. fylgiskjal 7 og 8. Þá hafa tvær aðskildar vottunarstofur séð um úttektir á gæðastjórnunarkerfinu samkvæmt ISO 9001:2015 og samþykkt að ferli gæðahandbókar uppfylli kröfur sem gerðar eru til verklagsreglnanna. Félagið telur því ljóst að viðeigandi kröfur í viðauka III við reglugerðina séu uppfylltar. Niðurstaða MAST um að verklagsreglur uppfylli ekki kröfur, einungis með vísan til forms hennar, án þess þó að vísa í nein ákvæða gildandi reglna um kröfur hvað form varðar, er ómálefnaleg að mati félagsins.

Að auki hefur MAST ekki áður sett út á sömu uppsetningu verklagsreglna í fyrri eftirlitsheimsóknum um rekstrarleyfi eða þegar MAST hefur farið í sérstök og reglubundin eftirlit, eða eftir útgáfu nýs rekstrarleyfis árið 2021, á því hvort starfsstöðin uppfyllti lög og reglugerðir varðandi fiskeldi og kröfur nýs rekstrarleyfis. Yfir framangreint tímabil voru verklagsreglur og viðbragðsáætlanir á því formi sem skyndilega er sett út á í skoðunarskýrslunni, en félagið hafði fulla ástæðu til þess að ætla að MAST gerði engar athugasemdir við fyrirkomulagið.

Þá fullyrðir MAST að í verklagsreglum félagsins sé ekki fjallað um markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, framkvæmd, frávík, aðgerðir til úrbóta og hvað skuli skráð. Eins og fram kemur í verklagsreglum félagsins, sbr. fylgiskjal 1, er fjallað um tilgang, umfang og ábyrgð í verklagsreglum félagsins. Þá er einnig fjallað um tíðni og viðmiðunarmörk, sbr. t.d. fylgiskjöl 16 og 17, ásamt aðgerðum til úrbóta og hvað skuli skráð, sbr. t.d. fylgiskjal 19.

Matvælastofnun vísar til þess sem fram kemur í umfjöllun um mun á verklagsreglu og flæðiriti undir lið b í kafla 2.1. Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur skýrt fram að við skrif á verklagsreglu skuli hafa eftirfarandi verkþætti til viðmiðunar; markmið, tíðni, framkvæmdaraðila eða ábyrgðaraðila, framkvæmd eftirlits, viðmið, úrbætur og skráningu. Flest af þeim skjölum sem eftirlitsmönnum Matvælastofnunar voru sýnd í eftirlitinu sem verklagsreglur voru of almennt orðaðar, skorti á lýsingar á því hvernig ferlið væri framkvæmt eða raunverlegt ferli var annað en það sem skrifað var skv. upplýsingum frá starfsmönnum. Þá vantaði í einhverjum tilfellum viðmið og aðgerðir komi til frávika.

Enginn af þeim skjölum sem eftirlitsmönnum Matvælastofnunar voru sýnd uppfyllti allar þær kröfur sem gerðar eru til slíkra skjala og því ljóst að eftirlitsþegi verður almennt að fara yfir þau öll með framangreint í huga. Þegar eftirlitið fór fram úrskýrðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar fyrir starfsmönnum eftirlitsþega margt af því sem vantaði uppá að hafa í skjölunum.

Matvælastofnun bendir á að þrátt fyrir að eftirlitsþegi hafi fengið úttektir frá þriðja aðila á gæðakerfi sínu þá sé það ekki vottun á því sérstaklega hvort að verklagsreglur hans uppfylli öll skilyrði til verklagsreglan. Óljóst er með öllu hvort úttektinni hafi verið beint sérstaklega að reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og þeim atriðum sem reglugerðin kveður á um að koma eigi fram í verklagsreglum og hvaða verklagsreglur eftirlitsþegi ber að hafa samkvæmt reglugerðinni og kröfum Matvælastofnunar. Matvælastofnun getu ekki fallist á þá fullyrðingu eftirlitsþega að skráning frávíksins sé ómálefnaleg.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að þrátt fyrir að ekki hafi verið gerð athugasemd varðandi þessa þætti í fyrri eftirlitum stofnunarinnar undir rekstarleyfi FE-1181 þá hefur verið gerð sambærileg athugasemd í eftirliti á annarri eldisstöð í eigu rekstarleyfishafa. Það að ekki hafi verið gerð athugasemd um ákveðin eftirlitsatriði áður leysi það ekki eftirlitsþega undan því að uppfylla kröfur laga og reglugerða.

Með vísan til framangreinds fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

2.3. Viðbragðsáætlanir – alvarlegt frávík

Í skoðunarskýrslunni voru jafnframt gerðar athugasemdir við viðbragðsáætlanir félagsins en MAST taldi þau gögn sem eftirlitsþegi sýndi eftirlitsmönnum ekki flokkast sem viðbragðsáætlanir heldur flæðirit (Flowchart/Workflow) en eðlismunur er á milli þessara tveggja hugtaka. Þau flæðiriti sem eftirlitsmönnum voru sýnd voru of almenn og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra og erfitt að fá heildar yfirsýn. Þá uppfylla þau ekki kröfur sem gerðar eru til viðbragðsáætlana í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem eftirfarandi þættir koma ekki fram í þeim í þeim öllum: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, framkvæmd, frávík, aðgerðir til úrbóta og hvað skuli skráð.”

Viðbragðsáætlanir félagsins eru partur af flæðiriti félagsins, þ.e. Flowchart/Workflow. Þrátt fyrir að það sé yfirheitið eru gögn þar undir sem sérstaklega eru skilgreind sem viðbragðsáætlanir. Félagið telur ljóst að þetta form feli ekki í sér frávík frá neinum gildandi reglum, enda er ekki bent á neitt í niðurstöðum MAST sem gefur til kynna að svo sé. Þá hafnar félagið því að viðbragðsáætlanir félagsins séu of almennar og óskar eftir nánari skýringum á því hvaða ákvæði hvaða reglna eru ófullnægjandi að mati MAST og hvers vegna. Viðbragðsáætlanir félagsins hafa að geyma myndrænt ferli ásamt ítarlegum lýsingum á framkvæmd þeirra, til að sýna efni viðbragðsáætlana með aðgengilegum hætti.

Framangreindu til nánari lýsingar má vísa til viðbragðsáætlunar félagsins um strok, sem finna má í fylgiskjali 9 við bréf þetta. Markmið viðbragðsáætlunarinnar er að tryggja rétt viðbrögð þegar fiskur eða hrogn sleppur frá stöðvum félagsins út í náttúruna. Stöðvarstjóri/aðstoðarstöðvarstjóri ber ábyrgð á að ferlinu sé fylgt og sér um að tilkynna Fiskistofu, MAST og viðkomandi sveitarfélagi um strok. Starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir ferlinu. Viðmiðunarmörk viðbragðsáætlunar eru miðuð við staðfest strok eða grun um að fiskur/hrogn hafi sloppið úr eldisstöð. Framkvæmd er lýst með ítarlegum hætti, en útbúa þarf umbótaskýrslu þar sem frávík er skráð í samræmi við upplýsingar í eyðublaði og aðgerðir til úrbóta eru settar fram, tilkynna innri og ytri aðilum, óska þarf eftir aðstoð Fiskistofu varðandi lagningu neta og senda þarf skýrslu til yfirvalda um tæmandi talin atriði.

Í skoðunarskýrslunni eru enn fremur gerðar athugasemdir við skráningu félagsins á alvarlegu frávíki viðbragðsáætlana. Félagið leggur mikla áherslu á að verklag sé í samræmi við lagakröfur, en félagið getur ekki orðið við úrbótum ef MAST veitir félaginu engar upplýsingar um hvað það nákvæmlega er sem að þarf að gera úrbætur á að mati MAST. Kröfur MAST um úrbætur, með skýringu eingöngu að viðbragðsáætlanir séu „of almennar“ eru í engu samræmi við leiðbeiningaskyldu stjórnvalda um að veita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar um þau mál er snerta starfssvið þess, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga. Félagið óskar eftir upplýsingum um hvers vegna MAST telji viðbragðsáætlanir eigi uppfylla lagakröfur, sérstaklega í ljósi að frá útgáfu nýs rekstrarleyfis árið 2021 hafi aldrei verið gerðar athugasemdir við uppsetningu og innihald viðbragðsáætlana félagsins. Af framangreindu virtu telur félagið ekki réttmætt að skrá viðbragðsáætlanir sem alvarlegt frávík og er framangreindum ábendingum í skoðunarskýrslu MAST hafnað.

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar undir lið 2.3. um verklagsreglur. Það sama á við um viðbragðsáætlanir eftirlitsþega.

Engin af þeim skjölum sem eftirlitsmönnum Matvælastofnunar voru sýnd sem viðbragðsáætlanir uppfyllti allar þær kröfur sem gerðar eru til slíkra skjala og því ljóst að eftirlitsþegi verður almennt

að fara yfir þær allar með framangreint í huga. Matvælastofnun er ávallt tilbúin til þess að veita eftirlitsþegum leiðbeiningar leiti þeir til stofnunarinnar með einstök atriði. Leiðbeiningar eru þó jafnframt finna í eftirlitshandbók fiskeldis á heimasíðu Matvælastofnunar. Allir eftirlitsþegar fiskeldis hafa fengið sendan í tölvupósti hlekk á umrædda eftirlitshandbók en hann var jafnframt sendur með boðun eftirlitsins. Matvælastofnun telur að stofnunin hafi uppfyllt leiðbeiningaskyldu sína.

Eftirlitsþegi vísar sérstaklega til viðbragðsáætlunar um stök í athugasemdum sínum og að þar sé öllum þeim þáttum lýst sem viðbragðsáætlunum sé ætlað að uppfylla. Matvælastofnun getur ekki fallist á það. Það sem eftirlitsþegi kallar viðbragðsáætlun um stök er of almennt orðuð og skortir eftirfarandi þætti: vantar að tilgreina hvaða veiðifélög eru í grennd. Ekki er þörf á aðstoð Fiskistofu til að leggja út net komi til stroks heldur á það að vera eitt af fyrstu viðbrögðum eftirlitsþega með það að markmiði að koma í veg fyrir stök. Samráð við Fiskistofu ætti að vera um það hvar leggja ætti net út komi til stroks og ætti það að liggja fyrir í viðbragðsáætluninni. Ekki er tilgreint hvar net eru geymd. Að framangreindu er ljóst að viðbragðsáætlun eftirlitsþega um stök uppfyllir ekki þær kröfur sem gera verður til slíks skjals.

Eftirlit með fiskeldisstöðvum og kröfur Matvælastofnunar til þeirra hafa aukist undanfarin ár. Það að ekki hafi verið gerð athugasemd við ákveðin skjöl fyrir rúmum fjórum árum síðan segir ekki til um hvort að þau standist kröfur sem gerðar eru til þeirra í dag. Matvælastofnun bendir á að á eftirlitsþega hvíli sú skylda að viðhalda gæðakerfi sínu, þar með talið að uppfæra þau með reglubundnum hætti. Athugasemdir sem gerðar voru fyrir rúmu ári síðan af Matvælastofnun í annarri eldisstöð eftirlitsþega gáfu tilefni til þess að uppfæra hefði þurft gæðaskjöl eftirlitsþega á öllum eldisstöðvum hans.

Með vísan til framangreinds sem og þeirra atriða sem koma fram undir lið 2.3 telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

2.4. Innra eftirlit – alvarlegt frávik

Skoðunarskýrslan fullyrðir að innra eftirlit sé ekki til staðar. Við yfirferð á atvikaskráningum hjá eftirlitsþega telur MAST að frávikum er ekki fylgt nægjanlega vel eftir og lokað þrátt fyrir að komið sé fram yfir skráð tímamörk sem eftirlitsþegi hefur sjálfur sett sér. Þá er úrbótum ekki nægjanlega vel lýst.

Félagið óskar eftir nánari skýringum á því í hverju meint frávik felst. Innra eftirlit félagsins felst í því að skrásetja frávik sem félagið telur vera í innri verklagsreglum eða viðbragðsáætlunum félagsins í þeim tilgangi að viðeigandi úrbætur verði gerðar, í samræmi við viðeigandi lög og reglur þar að lútandi. Öll frávik eru í kerfið ásamt tillögu á útbótum sem þarf að gera, sbr. dæmi um frávik sem skráð hafa verið í félaginu í fylgiskjali 10 og 11.

Þegar eftirlit fór fram óskuðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar eftir því að fá að sjá verklag um innra eftirlit. Á staðnum var útskýrt fyrir starfsmönnum eftirlitsþega í hverju innra eftirlit fellst, þ.e. að yfirfara kerfisbundið með fyrirfram ákveðinni tíðni, t.d. einu sinni í mánuði, hvort verið sé að skrá þá þætti sem skilgreindir hafa verið sem vöktunaratriði þar með talið hitastig í kerjum, súrefni, o.s.frv. Starfsmenn eftirlitsþega sögðu innra eftirlit ekki vera til staðar né verklag um slíkt, einungis væru framkvæmdar innri úttektir (sannprófanir).

Fjallað er um kröfur til innra eftirlits í 48. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 en Matvælastofnun telur ljóst af samtali við starfsmenn og þeim atriðum sem eftirlitsmönnum voru sýnd að innra eftirlit sé ekki til staðar. Innra eftirlit og innri úttekt (sannpróf) er ekki sami

hluturinn. Í ljósi þessa er sett alvarlegt frávik á innra eftirlit þar sem Matvælastofnun telur að það sé ekki til staðar í eldisstöð eftirlitsþega.

Hvað varðar frávikaskráningar þá óskuðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar eftir að sjá frávikaskráningar sem gerðar hafa verið hjá eftirlitsþega. Mátti sjá að í einhverjum tilfellum var frávikum ekki nægjanlega vel fylgt eftir þar sem komið var fram yfir skráð tímamörk, sem eftirlitsþegi setti sér sjálfur, án þessa að frávikunum hafi verið lokað. Þá var tillögum að úrbótum ekki nægjanlega vel lýst í einhverjum tilfella.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

2.4. Innri úttekt/sannprófun – alvarlegt frávik

- a. Ekki sé til staðar yfirlit yfir alla kafla gæðahandbókar og því sé er ekki hægt að staðfesta að sannprófun nái til allra þeirra þátta sem gerð er krafa um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem fram kemur að gátlisti skuli að lágmarki innihalda alla kafla gæðahandbókar.**

Félagið hafnar því að ekki sé hægt að staðfesta umfang sannprófanna vegna skorts á sérstöku yfirliti. MAST er frjálst að skoða alla kafla gæðahandbókarinnar og sannreyna hvað sem MAST telur þurfa að sannreyna.

Matvælastofnun bendir á að mikilvægt sé að eftirlit sé skilvirkt og taki ekki of langan tíma. Stofnunin hefur heimildir til þess að að óska eftir frekari gögnum frá eftirlitsþegum sem eru nauðsynleg til að sinna eftirliti. Byggir sú heimild á 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 og 55. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Matvælastofnun telur nauðsynlegt að til staðar sé yfirlit yfir alla kafla gæðahandbókar þannig að eftirlitsmenn stofnunarinnar geti með auðveldum hætti staðfest að t.d. sannprófun nái yfir alla þá þætti sem hún á að gera, þ.e. alla kafla gæðahandbókar. Slíkt eykur skilvirkni þar sem færri tímar fara í eftirlitið í stað þess að eftirlitsmenn þurfi að leita í öllu gæðakerfinu til að staðreyna að farið sé yfir alla kafla gæðakerfisins.

Að mati Matvælastofnunar er krafa um að eftirlitsþegar hafi til staðar yfirlit yfir alla kafla gæðahandbókar málefnaleg og fer ekki út fyrir meðalhóf. Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

Matvælastofnun vill einnig benda á að út frá gátlista eftirlitsþega yfir sannprófun er ljóst að sannprófun nær ekki yfir alla kafla gæðahandbókar.

- b. Það skjal sem eftirlitsmönnum var sýnt sé flæðirit en ekki verklagsregla. Í það vantar að sannprófa skuli alltaf eftir stök eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar.**

Þrátt fyrir að það sé yfirheitið, eru gögn þar undir sem sérstaklega eru skilgreind sem verklagsreglur. Verklagsreglurnar eru ferlamiðaðar og því eru flæðirit mjög hentug í þeim tilgangi og ekki verður séð að það sé „eðlismunur“ á þessu eins og haldið er fram. Verklagsreglur félagsins hafa bæði að geyma myndrænt ferli ásamt ítarlegum lýsingum á framkvæmd þeirra. Í fylgiskjali 12 við bréf þetta má sjá verklagsreglur þegar stök eða önnur frávik eiga sér stað í rekstrinum. Frávik eru þar skilgreind með ítarlegum hætti og eru breytingar á sùrefni, vatni eða öðrum þáttum sem geta haft áhrif á lifun heilbrigði fiska/hrogna talin meiri háttar frávik. Í

fylgiskjali 13 við bréf þetta er ferlinu til að sannprófa virki gæðakerfisins lýst sem og að það sé í samræmi við gildandi lög. Í fylgiskjali 14 við bréf þetta má síða.

Matvælastofnun bendir á fyrri svör sín við athugasemdum eftirlitsþega hvað varðar umfjöllun um verklagsreglur og flæðirit. Út úr því skjali sem eftirlitsþegi kallar verklagsreglu um innri úttekt – sannprófun og er að finna á fylgiskjali nr. 12 má sjá efst flæðirit en þar undir, á næstu blaðsíðum á eftir númeruð skref við vinnu eftir verklagin. Númerin eru ekki skipulega framsett í númeraröð heldur, t.d. kemur atriði nr. 6 fyrst, 8 þar á eftir og svo 12. Framsetningin er þannig úr garði gerð að ekki er auðvelt að lesa út úr henni eins og eftirlitsþegi heldur fram og telur Matvælastofnun hana ekki vera fullnægjandi.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

2.6. Þjálfunarskrá – Frávik

Að lokum voru sett frávik við að í þjálfunarskrá starfsmanna er ekki að finna staðfestingu á þátttöku starfsmanna á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið eins og áskilnaður er gerður á um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Samkvæmt reglugerðinni kemur eftirfarandi fram „Árlega er haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttaka starfsmanna er skráð í þjálfunarskrá.“ Samkvæmt gátlista itareftirlits landeldis útgefnum af MAST er einungis farið fram á eftirfarandi “Staðfesting á að árlegur fundur hafi verið haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar þar sem fram kemur að farið hafi verið yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafi verið.“ Vísað er aftur í fylgiskjal 5 sem staðfestir að árlegur fundur starfsmanna hafi farið fram, þar sem farið er yfir „gæðamál“ sem eðli málsins samkvæmt vísar til innihalds gæðahandbókar, kynnta breytinga og nýrra áherslna. Starfsfólk staðfestir skriflega að hafa setið fundinn og heildarþjálfunarskrá fyrir allt starfsfólk liggur fyrir, þar sem slík þátttaka er skráð. Með vísan til framangreinds hafnar félagið því slík staðfesting liggi ekki fyrir.

Matvælastofnun telur að skylda eftirlitsþega til að skrá í þjálfunarhandbækur allra starfsmanna að þeir hafi setið árlegan fund um efni gæðahandbókar vera skýra. Kveðið er á um hana í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 undir liðnum *Þjálfun starfsmanna*. Þar segir:

Árlega er haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttaka starfsmanna er skráð í þjálfunarskrá.

Í athugasemdum sínum vísar eftirlitsþegi til gátlista itareftirlits landeldis útgefnum af Matvælastofnun þar sem einungis sé farið fram á staðfestingu um að árlegur fundur starfsmanna hafi verið haldinn. Í umræddum gátlista kemur skýrt fram undir liðnum *Þjálfunarskrá starfsmanna* að þar þurfi að vera staðfest þátttaka á árlegum fundi. Stofnunin telur að slík staðfesting þurfi að koma fram í þjálfunarskrá hvers og eins starfsmanns en ekki sé fullnægjandi að leggja fram einn lista með nöfnum þeirra aðila sem mættu á fundinn.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

3. Aðfinnslur á stjórnsýslumeðferð

Þá vill félagið koma á framfæri að framsetning niðurstaðna sé verulega ábótavant. MAST setur ítrekað fram fullyrðingar um að eitt og annað sé í ósamræmi við gildandi reglur, án þess að vísa í sérstakar reglur né skýra það í hverju frávikin felast. Oftast er engin leið að lesa úr niðurstöðunum hvernig félagið getur brugðist við til að bæta úr meintum frávikum. Af framangreindu leiðir að framsetning MAST er í engu samræmi við leiðbeiningarskyldu stjórnvalda samkvæmt 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem kveður á um að stjórnvöld skuli veita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar um mál sem snerta starfssvið þeirra. Óljósar kröfur og ábendingar, svo sem að verklagsreglur séu „of almennar“, án allra skýringa á því hverju þurfi að bæta úr, grafa undan getu félagsins til að uppfylla mögulegar skyldur sínar og vinna nauðsynlegar úrbætur.

Eins og rakið er hér að framan hafa niðurstöðurnar að geyma ítrekaðar yfirlýsingar um að eitt og annað vanti, þrátt fyrir að umrædd gögn liggi fyrir. Bendir framangreint til þess að ekki hafi verið gætt nægilega að rannsóknarskyldum við framkvæmd úttektarinnar. Félagið telur ekki forsvaranlegt að gefa út niðurstöður um að „alvarleg frávik“ séu fyrir hendi, þegar sjaldnast er hægt að heimfæra neinar meintar aðfinnslur á gildandi reglur.

Matvælastofnun getur ekki fallist á athugasemdir eftirlitsþega um það að framsetning niðurstaða sé verulega ábótavant og í flestum tilfellum sé ekki hægt að lesa út úr því í hverju frávikið fellst og því hafi stofnunin ekki uppfyllt leiðbeiningaskyldu sína samkvæmt stjórnsýslulögum. Eins og áður hefur komið fram er Matvælastofnun ávallt tilbúin til þess að veita eftirlitsþegum leiðbeiningar leiti þeir til stofnunarinnar með einstök atriði. Það að verklagsregla eða viðbragðsáætlun sé of almenn eru leiðbeiningar í eðli sínu. Ljóst er að það þarf að lýsa ítarlegra því sem á að framkvæma, hvernig það sé gert og af hverjum en ekki hafa lýsingarnar almenns eðlis og yfirborðskenndar eins og margar af verklagsreglum og viðbragðsáætlunum eftirlitþega eru skrifaðar.

Matvælastofnun telur jafnframt að öll þau atriði sem skráð eru alvarleg frávik og frávik á í eftirlitsskýrslu eftirlitsþega sé hægt að heimfæra til ákvæða í gildandi lögum og reglum.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði athugasemda eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur athugasemdir Benchmark Genetics Iceland vegna eftirlitsskýrslu nr. 1711 dags. 3. október 2025 ekki til greina.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar


Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur